

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Stafrænt ráð

### **Efni: Umsögn um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar 2024-2026 um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum**

Vísað er til bréfs, dagsett 6. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn frá stafrænu ráði um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar 2024-2026 um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.

Stafrænt ráð tekur undir niðurstöður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS), og helstu aðgerðir sem lagðar eru fram í fyrirbyggjandi drögum að aðgerðaáætlun.

Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum hefur verið mjög dýrmæt og hefur skilað sér í bættri þekkingu, öflugri nýsköpunarmenningu, bættum tengslum við borgir, stofnanir og nýsköpunarsjóði erlendis og eins í áþreifanlegum ávinningi borgarinnar. Eins ber að nefna að þátttaka borgarinnar í slíkum verkefnum getur haft raunveruleg jákvæð áhrif á orðspor Reykjavíkur erlendis og aukið möguleika borgarinnar á þátttöku í verkefnum sem geta verið til hagsbóta og búið til vettvang fyrir borgina til að koma sínum áherslum til skila, og veita verðugum hugmyndum og verkefnum annarra stuðning.

Mikil reynsla og þekking hefur orðið til hjá borginni á síðustu árum, og stafrænt ráð tekur undir nauðsyn þess að raungera þá reynslu og þekkingu sem áunnist hefur með nauðsynlegum breytingum á fyrirkomulagi þessara samstarfsverkefna. Til framtíðar þarf að tryggja samfellu í þeirri þekkingu sem byggst hefur upp með hverju verkefni til að fyrirbyggja að þekking glatist ef bil verða til í tímalínunum verkefna.

Í grunninn er mikilvægt að innleiða betri umsýslu og skýrari ferla fyrir umsóknarferli styrkja, rekjanleika í fjársýslu verkefna og uppgjör styrkja. Styður ráðið þá tillögu að bæta stjórnsýslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takti við þarfir borgarinnar og að leitað sé til aðila eins og Rannís og annarra stofnana sem reynslu hafa af bestu aðferðum á því sviði til að tryggja að ávallt sé farið að reglum styrkveitenda. Þá er mikilvægt að nýjar verklagsreglur verði vel kynntar starfsfólki þannig að m.a. allir fjármálastjórar séu vel upplýstir og lögfræðingar fagsviða og borgarlögmaður komi að öllum samningum sem eru gerðir, ásamt því að tillögur að umsóknum séu teknar fyrir í viðeigandi fagraðum.

Stafræna ráðið tekur sérstaklega undir að nauðsynlegt sé að verkefni séu hýst á því sviði eða skrifstofu sem sjálf vinnan tengist helst, það felur m.a. í sér ábyrgð á fjárhagslegu utanumhaldi og eftirfylgni verkþátta. Þannig stuðlum við að því að sú

sérþekking og reynsla sem þar er fyrir hendi nýtist og rati inn í stefnur fagsviða og aðgerðaráætlanir sem styður við stöðugri þekkingar uppbyggingu og bætingu á þjónustu til íbúa.

Til viðbótar við þær tillögur sem lagðar eru fram væri einnig tækifæri til að efla þverfaglegt rannsóknar- og nýsköpunarstarf með því að tengja sérfræðinga á sviðum og skrifstofum saman í teymi sem bæri ábyrgð á að leiða þessa vinnu. Teymið hefði m.a. það hlutverk að halda utan um samræmingu markmiða, uppbyggingu áskoranabanka í tengingu við stefnur borgarinnar, vöktun og eftirfylgni með árangursmælingum.

Með þessum hætti væri hægt að samræma starfið inn á við og efla samstarf út á við við önnur sveitarfélög, borgir erlendis, stofnanir, ríkið og aðila á markaði. Þá væri upplagt að hefja samtal við háskólasamfélagið um miðlægan klasa og tilraunasvæði innan Vísindagarða með áherslu á samsköpun, rannsóknir og þróun við þeim samfélagslegu áskorunum sem að okkur steðja.

Að lokum bendir stafræna ráðið á að í bígerð er að setja í gang stefnumótunarvinnu á haustmánuðum 2024 sem snýr að opinberri og samfélagslegri nýsköpun, sem ofangreint framtíðarskipulag rannsóknar- og nýsköpunarverkefna fellur undir og því mikilvægt að næstu skref séu höfð í samræmi við þá vinnu. Þá telur ráðið mikilvægt að stafræna ráðið sé einnig haft með í ráðum sem sá pólitíski vettvangur þar sem m.a. áhugaverð köll, lykiláskoranir, umsóknir og framvinda verði kynnt innan ásamt forsætisnefnd.

F.h. stafræns ráðs,

Alexandra Briem,  
formaður